

FUNDARGERÐ

Stjórnarfundur 29. ágúst kl. 16.15, Mætt voru: Kristinn Jónasson, Steinunn Magnúsdóttir, Eva Margrét Jónudóttir, Finnbogi Leifsson, Emil K Sævarsson, Ómar Örn Kristófersson og Magni Grétarsson. Einnig sat fundinn Hrefna B Jónsdóttir, framkvæmdastjóri.

1. Fundur settur

Formaður Kristinn Jónasson setti fund kl. 16.15

2. Fundargerð síðasta fundar frá 15. júlí 2024

Samþykkt.

3. Framkvæmdir og staða í Fíflholtum.

a. Urðunarrein nr. fimm

Lagðar fram fundargerðir frá 17.07, 31.07, 14.08. og 28.08.24

Framkvæmdastjóri greindi frá verkfundi dags. 28. ágúst.

Greiddar hafa verið 117,6 m.kr. auk þess sem 36.7 m.kr. munu koma til greiðslu á næstu dögum. Alls 154,3 m.kr. Um er að ræða 42% af tilboði sem hljóðaði upp á 373,6 m.kr. Rætt um verkið og hve mikið þarf að leggja út af efni til að slétta reinina.

b. Gassöfnunarkerfi

Framkvæmdastjóri greindi frá verkstöðu við 2. hluta gassöfnunarkerfis í rein nr. fjögur.

c. Fok og hreinsun svæðis

Blásið hefur um urðunarstaðinn í sumar. Fok hefur verið tínt upp jafnóðum.

Sumarstarfsmaður sér alfarið um hreinsun svæðis og verður hann að störfum fram á haustið.

d. Sorpmagn

Framkvæmdastjóri lagði fram gögn um urðaðan úrgang fyrstu sjö mánuði ársins og samanburð við fyrra ár. Magn er á pari við síðasta ár en 9.597 tonn hafa verið urðuð auk þess sem 1.915 tonn af timburkurli hefur verið mótttekið í ár en kurlið er notað sem yfirlagsefni með urðuninni til að spara jarðveg.

Rætt um verðskrá fyrir úrgangsflokka sem eiga möguleika á fara í aðra farvegi en urðun. Samþykkt að vinna verðskrá fyrir árið 2025 í október..

e. Óheimill aðgangur almennings að urðunarstað

Framkvæmdastjóri vakti athygli á auknum áhuga einstaklinga sem vilja koma með úrgang í Fíflholt. Um er að ræða úrgang sem skilinn er eftir utan við móttökuhlið og einnig hafa

komið upp atvik þar sem einstaklingar aka upp á haug, losa og aka út aftur án þess að gefa sig fram á staðnum.

Myndavélakerfið hefur hjálpað til við að hafa uppi á viðkomandi einstaklingum. Atvik sem þessi hafa komið til eftir að gámar í dreifbýli hafa verið teknir.

4. Starfsmannamál

Nýr starfsmaður Gísli Friðjónsson, kom til starfa í júlí sl. Hann tók við starfi Benjamíns Fjeldsted sem hefur unnið í Fíflholtum um árabíl. Stjórn og framkvæmdastjóri þakka Benjamín góð störf í gegnum tíðina og óska honum velfarnaðar á nýjum vettvangi.

5. Önnur mál.

a. Stafsmannaaðstaða

Framkvæmdastjóri greindi frá stöðu verkefnisins.

b. Líforkuver

Framkvæmdastjóri greini frá tölvupósti dags 27.08. frá Kristínu Helgu Schiöth. Leitað er til Sorpuðunar Vesturlands hf. Með hugmynd að mögulegum, góðum stöðum sem koma til greina sem umlestun á dýrahæjum.

Unnið er að tillögu að samræmdu söfnunarkerfi dýraleifa á landvísu og gengur hugmyndin út á að setja upp verksmiðju fyrir dýraleifar á Dysnesi við Eyjafjörð. Unnið er með GMM oyfinnsku ráðgjafafyrirtæki sem hefur langa reynslu af flutningi og vinnslu dýraleifa, sem og innlendum ráðgjöfum sem hafa tekið saman tölfræði og yfirlit yfir aðstæður á Íslandi.

Leitað er til Sorpuðunar Vesturlands hf. með hugmynd að mögulegum, góðum stöðum sem koma til greina sem umlestun á dýrahæjum. Nefnt er í tölvupóstinum að best yrði að velja staði m.t.t. þyngjardarþunkta efnisins, aðgengi bíla, stöðuleyfa og starfsleyfa. Spurt er hvort Fíflholt geti orðið ákjósanlegur staður?

Umræður urðu um verkefnið og hugsanlega staði fyrir umlestun. Stjórn óskar eftir kynningu um verkefnið.

c. Framúrskarandi fyrirtæki árið 2024

Sorpuðun Vesturlands hf. er á lista Creditinfo yfir framúrskarandi fyrirtæki.

6. Fundarslit

Fundi slitið kl. 17.30

Fundarritari: Hrefna B Jónsdóttir